

Sþ. 418. Tillaga til þingsályktunar [156. mál]
um lagfæringu vegarins frá Grindavík að Reykjanesvita í Gullbringusýslu.

Flm.: Alfreð Gíslason, bæjarfógeti, Matthías Á. Mathiesen.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta þegar á þessu sumri lagfæra veginn milli Grindavíkur og Reykjanesvita, þannig að hann verði akfær venjulegum farartækjum.

Greinargerð.

Vegalengdin milli Reykjanesvita og Grindavíkur er um 10 km. Vegur sá, sem nú er notast við milli Staðar í Grindavík og Reykjanesvita, var lagður árin 1926—1928 af þáverandi vitaverði. Gerð vegarins var fyrst og fremst miðuð við það eitt, að hann væri nokkurn veginn fær hestvögnum, enda aðallega til hans stofnað með það fyrir augum, að vitavörður ætti hægara með aðdrætti frá Grindavík.

Þótt vegur þessi hafi upphaflega ekki verið gerður sem akvegur fyrir bifreiðar, hafa þær þó getað klöngrazt yfir hann, en yfirleitt er hann ekki talinn fær nema sterkum vörubifreiðum eða jeppum. Það kom brátt í ljós, að vegur þessi var ekki aðeins nauðsynlegur vegna aðdrátta vitavarðarins, heldur hefur hann síðan verið talinn lífsnauðsynlegur vegna hinna tíðu skipstranda á þessum slóðum.

Alþjóð er kunnugt, að strandlengjan frá Grindavík að Reykjanestá er einn annálaðastur strandstaður á Íslandi. Þar hefur farizt fjöldi skipa, erlendra og innlendra, og tugir sjómanna hafa þar týnt lífi sínu í brimgarðinum.

Í Grindavík er ein fræknasta björgunarsveit landsins, og hefur hún ætíð átt í miklum erfiðleikum með að koma sér og tækjum sínum á strandstað vegna þess, hve vegurinn er ógreiðfær. Lítil áherzla hefur verið lögð á viðhald vegarins, en með þeim stórvirku vinnuvélum, sem nú eru fyrir hendi, er tiltölulega auðvelt að gera veg þennan nokkurn veginn greiðfæran á skömmum tíma án mikils tilkostnaðar, þar sem hann liggur að mestu um apalhraun, sem auðvelt er að vinna. Vegur þessi hefur hins vegar algera sérstöðu vegna hins þýðingarmikla hlutverks, sem hann gegnir, og telja flutningsmenn þessarar tillögu, að brýna nauðsyn beri til, að hafizt verði handa um lagfæringu hans nú á þessu sumri.

Nánar í framsögu.